

**Sp.**

**554. Þingsályktun**

um yfirfærslu á gjaldeyri til námsmanna erlendis.

(Afgreidd frá Sp. 17. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að gjaldeyrisyfirvöld láti námsmönnum þeim, er nú stunda nám erlendis í gagnlegum fræðum, nægilegan gjaldeyri í té til að standa straum af framfærslu- og námskostnaði í viðkomandi landi, enda þótt nemandi hafi þar jafnframt fyrir fjölskyldu að sjá, á meðan hann er þar við nám. Jafnframt hlutist ríkisstjórnin til um, að viðskiptanefnd hafi samráð við menntamálaráð við veitingu slíkra gjaldeyrisleyfa.